

Ed.

434. Nefndarálit

[246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið var lagt fram í neðri deild 10. þ.m. Það fékk frekar litla athugun í sjávarútvegsnefnd þeirrar deildar. Það gafst m.a. ekki tími til að ræða við fulltrúa frá sjómannasamtökunum. Á þriðja tímanum nýliðna nótt var svo málinu vísað til sjávarútvegsnefndar þessarar deildar eftir umræður í deildinni þar sem fram kom hjá flestum þeim er til máls tóku um frv. að þeir mundu geyma sér aðalumfjöllun um frv. til 2. umr.

Undirritaður bar upp þá ósk við sjávarútvegsráðherra að hann félli frá því að fá frv. samþykkt fyrir jólafrí þingmanna og tíminn þar til þing kemur saman aftur yrði notaður til að gera grein fyrir því hvað við ætti að taka í sambandi við gæðaeftirlit á ferskfiski og mat. Ráðherra gaf ekki kost á slíku.

Nefndarfundur var boðaður í sjávarútvegsnefnd kl. 10 í morgun. Á þeim fundi kom berlega í ljós hjá viðmælendum nefndarinnar sem flestir voru meðmæltir þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir að enginn af þeim hafði ákveðnar skoðanir um það hvaða áhrif niðurfelling ferskfiskmatsins á vegum Ríkismatsins mundi hafa. Spurningunni um hver áhrif slíks yrðu og hvernig þeim yrði mætt var aðeins svarað með því „að þetta yrði allt í lagi“.

Undirritaður telur að meðferð þessa máls sé með eindæmum frá hendi sjávarútvegsráðherra. Ráðherra var þegar í upphafi þings búinn að ákveða að hafa þann hátt á er frv. gerir ráð fyrir og þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram á fyrsta degi þingsins var gert ráð fyrir breytingu á rekstrarkostnaði Ríkismats sjávarafurða þar að lútandi. Þrátt fyrir þessa staðreynd er frv. lagt fram á síðustu starfsdögum þingsins fyrir jól og til þess ætlast að það verði að lögum og taki gildi 1. janúar n.k. Hér er um svo mikilsvert mál að ræða að undirritaður telur fráleitt að ætla þinginu ekki lengri tíma til að fjalla um það. Minni hl. mótmælir því að ráðherra beiti slíkum vinnubrögðum gagnvart Alþingi.

Minni hl. er samþykktur því að ferskfiskmat Ríkismats sjávarafurða hefur verið misheppnað. Þar er breytinga þörf. Vel má vera að sú leið, sem lagt er til að farin verði skv. frv., að gæðamat á ferskum fiski verði í höndum kaupenda og seljenda, sé mikið framfaraspor til að fá betri fisk og verðmætari en verið hefur. Það hlýtur að vera markmiðið. Minni hl. gæti verið tilbúinn að samþykkja það. En skoðun hans er sú að til þess að slík breyting skili árangri sé nauðsynlegt að undirbúa þá breytingu og til þess þarf tíma.

Minni hl. mun því ekki samþykkja þetta frv. nema breytt verði gildistöku þess og lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. júní 1987 í stað 1. janúar. Um það flytur minni hl. breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1986.

Skúli Alexandersson.